

## Svar

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Illuga Gunnarssonar um gjaldeyrisvarasjóð.

Svör við fyrirspurninni byggjast á upplýsingum frá Seðlabanka Íslands.

1. *Hversu mikil hættu stafar gjaldeyrisvarasjóði þjóðarinnar af:*

- a. *breytingum á gengi evru,*
- b. *skuldabréfum útgefnum í evrum?*


a. Seðlabanki Íslands stýrir gengisbundnum eignum sínum, þ.m.t. eignum í gjaldeyrisforða, þannig að gjaldeyrisjöfnuður myndist gagnvart gengisbundnum skuldum bankans. Þá nýtir Seðlabankinn afleiður við að stilla gjaldeyrisjöfnuðinn. Opín staða Seðlabankans í erlendum gjaldeyri, þ.e. gengisbundnar eignir umfram gengisbundnar skuldbindingar, felur alltaf í sér gengisáhættu. Seðlabankinn hefur almennt hagað stýringunni þannig að opinni stöðu er skipt á milli hinna hefðbundnu SDR-forðagjaldmiðla, þar á meðal evru.

Við núverandi aðstæður í hinu alþjóðlega greiðslukerfi er ekki eingöngu horft til gjaldmiðlaáhættu sem varðar evruna. Komi upp hnökrar í greiðslumiðlun við ákveðin lönd skiptir seljanleiki forðans miklu máli, þ.e. hvort hægt er að breyta forðanum í greiðslumiðil þar sem á þarf að halda.

Stjórnvöld og Seðlabankinn hafa á undanförunum árum verið að byggja upp gjaldeyrisforða og lengt í endurgreiðsluferli erlendra lána. Það hefur því dregið verulega úr greiðslubyrði erlendra skulda til skamms tíma. Með því að draga úr endurfjármögnunaráhættu forðans hefur það hlutverk hans að vera lausafjarpúði í erlendum viðskiptum þjóðarbúsins styrkst verulega á undanförunum árum.


Við stýringu á auknum gjaldeyrisforða hefur Seðlabankinn tekið tillit til þróunar í alþjóðlegri greiðslumiðlun. Í hagtölum Seðlabankans kemur fram að á seinni hluta árs 2010 lækkaði hlutfall forðans sem geymt er hjá erlendum viðskiptabönkum en hlutfall innstæðna hjá seðlabönkum, Alþjóðagreiðslubankanum og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum hækkaði. Á mynd 1 má sjá hver þróunin hefur verið á gjaldeyrisforðanum og skiptingu eigna.

### Mynd 1. Stærð gjaldeyrisforða og skipting eigna




- b. Í ársskýrslu Seðlabankans kemur fram að lánsþæfiseinkunn verðbréfa í skuldabréfasafni Seðlabankans, sem almennt hefur verið mjög há, hefur hækkað enn frekar. Þá hefur landfræðileg dreifing útgefenda skuldabréfa verið aukin. Á hinn bóginn hefur dregið úr vægi Evrópuríkja í skuldavanda að því marki að engin ríkisskuldabréf frá slíkum löndum eru nú í forðanum. Á mynd 2 má sjá dreifingu á erlendum skuldabréfum eftir lánsþæfismati og mynd 3 sýnir dreifingu skuldabréfa eftir heimalandi útgefanda.

### Mynd 2. Dreifing á erlendum skuldabréfum eftir lánsþæfismati



**Mynd 3. Dreifing á erlendum skuldabréfum eftir heimalandi útgefanda**



2. Hversu mikill hluti gjaldeyrisvarafordans er geymdur:

- a. í bönkum á evrusvæðinu,
- b. í evrópskum seðlabönkum?

- a. Ekki er sundurgreint í opinberum gögnum hvaða stöður eru á evrusvæðinu. Í maí sl. voru um 3% gjaldeyrisvarafordans varðveitt í erlendum bönkum. Um þessar mundir heldur Seðlabankinn lágmarksstöðum í innstæðum hjá erlendum bönkum og til þess að geta sinnt eigin greiðslumiðlun.
- b. Ekki er sundurgreint í opinberum gögnum hvaða stöður eru í evrópskum seðlabönkum. Í maí sl. voru um það bil 62% gjaldeyrisvarafordans geymd í seðlabönkum, Alþjóðagreiðslubankanum og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

3. Hvaða lán voru tekin til að styrkja gjaldeyrisvarasjóð þjóðarinnar, hvenær voru þau tekin, hverjir eru gjalddagar þeirra, hver voru vaxtakjör þeirra lána og í hvaða myntum voru þau lán tekin?

Í töflu 1 eru upplýsingar um hvaða lán voru tekin til að styrkja gjaldeyrisvaraforða Íslands, hvenær þau voru tekin, greiðslur af láni, eftirstöðvar lána, gjalddaga þeirra, vaxtakjör og myntsamsetningu.

Tafla 1. Lán tekin til að styrkja gjaldeyrisforða Íslands

	Norðurlönd (EUR)	IMF (XDR)	Pólland (PLN)*	Færeyjar (DKK)	Samtals (ISK)
Heildarlán	1.775.000.000	1.400.000.000	210.000.000	300.000.000	
Fyrirfrangreiðsla mars 2012	-366.000.000	-288.750.000			
Fyrirfrangreiðsla júní 2012	-674.000.000	-319.375.000			
Eftirstöðvar lána í mynt	735.000.000	791.875.000	210.000.000	300.000.000	
Eftirstöðvar lán í ISK	116.299.050.000	151.113.506.250	7.801.080.000	6.386.100.000	281.599.736.250
<b>Unsamin</b>	<b>júní 2009</b>	<b>nóvember 2008</b>	<b>október 2010</b>	<b>mars 2009</b>	
Tekin	Tekin í nokkrum áföngum, desember 2009 - desember 2011	Tekin í nokkrum áföngum, nóvember 2008 - ágúst 2011	Fyrsti ádráttur júní 2010, 420 m PLN óádreigið	mars 2009	
<b>Gjald dagar</b>	<b>2019-2021</b>	<b>2013-2017</b>	<b>2015-2022</b>	<b>2013-2015</b>	
Grunnvextir	Euribor	SDR vextir	Pólskir ríkisskuldabréfa vextir	Færeyskir ríkisskuldabréfa vextir	
Vaxtaálag	0,0275	4% til 2%	2% til 1,3%	0,0015	
Mynt**	EUR	SDR	PLN	DKK	

\* Heildarlánsloforð 630.000.000 PLN en dregin hafa verið 210.000.000 PLN

\*\* Gengisskráning 29.06.2012